



## Bæjarstjórn Garðabæjar 3. (862)/2020

Boðað er til 3. (862). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. febrúar 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2002011F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/2 '20.  
1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi.
- 2001378 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um stækkun byggingarreits að Sjávargötu 13.
- 2001382 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytta notkun fasteignar að Breiðabólss töðum.
- 2001499 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðarinnar að Eikarási 10.
- 1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna svæðis á Grundum.
- 1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna Ægisgrundar 1-5.
- 1902148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar að Markarflöt 51.
- 1912164 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Holtsveg 53.
2. 2002020F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/2 '20.
3. 2001048F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 5/2 '20.
4. 2002012F - Fundargerð íþróttu- og tómstundaráðs frá 11/2 '20.
5. 2002015F - Fundargerð leikskólanefndar frá 12/2 '20.
6. 2002003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 7/2 '20.
7. 2002010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/2 '20.
8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 30/1 '20.
9. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 30/1, 7/2 og 12/2 '20.



10. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/2 '20.
11. 1805129 - Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.

## Bæjarstjórn Garðabæjar

2. (861). fundur 2020

Fimmtudaginn 6. febrúar 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. janúar 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2001027F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/1 '20.

Enginn tók til máls.

#### Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis fjölbýlishússins að Víkurgötum 2 þó að þak á bílgeymslu verði útfært með viðarpöllum og hellulögn í stað grasþekju en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur jákvæð umsögn deiliskipulagsráðgjafa.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts sem felst í breytingu á byggingarreit lóðarinna að Víkurgötum 19, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna svalaskýlis við einbýlishúsíð að Hraungötum 8. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bárust tvær athugasemdir. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar, lögð hafa verið fram viðbótargögn og haldnir fundir með málsaðilum. Breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna viðbyggingar og breytinga á einbýlishúsínu við Krókamýri 46. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bárust engar athugasemdir.

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 tillögu svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 þar sem vaxtamörk á Álfnesi eru færð út

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi hesthúsasvæði við Kjóavelli. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Þar sem um sameignlegt skipulag Kópavogs og Garðabæjar er að ræða þarf að liggja fyrir samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulaginu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er varðar lóðir við Eskiás , sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að ákvæði um heimild fyrir kjallarárýmum fellur brott og B-rými reiknast til grundvallar nýtingarhlutfalli. Heildarbyggingamagn er óbreytt.

Fallið er frá grenndarkynningu samkvæmt í heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010 þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Hraungötu 15-19 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna aðkomutákns. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og barst ein athugasemd. Athugasemdir hefur verið yfirfarin. Breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir lóð fyrir uppsátri og naust á fjörükambi í landi Katrínarkots. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Garðahverfi er verndarsvæði í byggð og skal tillagan send Minjastofnun til umsagnar.

Fundargerðin sem er 24 tl., er samþykkt samhljóða.

## **2. 2001035F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/1 '20.**

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar varðandi úttekt á stjórnarháttum/áætlunargerð Sorpu bs. vegna framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar varðandi úttekt á stjórnarháttum/áætlunargerð Sorpu bs. vegna framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð og 8. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu og 10. tl., tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi móton menntastefnu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 8. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 11. tl., samning við Vegagerðina um endurbætur og framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg.

*Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning við Vegagerðina um endurbætur á Hafnarfjarðarvegi o.fl.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

## **3. 2001047F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/2 '20.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Í tilefni af bókun oddvita Garðabæjarlistans á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag um skort á upplýsingum um stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri er nauðsynlegt að eftirfarandi staðreyndir komi fram.

Málið hefur verið á dagskrá bæjarráðs fjórum sinnum síðan í maí 2019 og þá var það tekið fyrir á vinnufundi bæjarfulltrúa um fjárhagsáætlun 28. nóvember sl.. Á fundi sem haldinn var 21. maí 2019

samþykkti bæjarráð viðauka við samning vegna breytinga á verkinu sem var til komin vegna færslu hússins. Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 16. júlí 2019 var á dagskrá að ræða stöðu framkvæmda almennt. Á fundinum var sérstaklaga vakin athygli á viðræðum við verktakann um styrkleika staura og athugun jarðvegs. Á fundum bæjarráðs 7. janúar og 21. janúar 2020 hafa málefni fjölnota íþróttahúss verið á dagskrá og þar ítarlega farið yfir stöðu mála.

Það er því kolrangt að halda því fram að ekki hafi verið upplýst um stöðu mála eins og augljóst má vera samkvæmt þeim staðreyndum sem hér eru raktar.

Engar formlegar fyrirspurnir hafa borist frá fulltrúum minnihlutans allan þennan tíma.

Það skal ennfreymur áréttáð að allt verklag og samskipti við verktaka hafa farið fram í samræmi við samning aðila og þau lög, reglur og staðla sem gilda um framkvæmd alútboða. Enginn ágreiningur er á milli aðila um þann framgang.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Gunnar Einarson, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 3. tl., fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – staða framkvæmda.

#### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti samning sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu.

Fundargerðin sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **4. 2001002F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 2/1 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **5. 2001022F - Fundargerð leikskólanefndar frá 22/1 '20.**

Valborg Ösp Á Warén, ræddi málefni leikskólans og vakti athygli á að í dag er dagur leikskólans. Þá ræddi Valborg 2. tl., niðurstöður ytra mats á Hæðarbóli.

Fundargerðin lögð fram.

#### **6. 2001030F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 24/1 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., vetrarhátið 2020, 12. tl., minjagarð við Höfsstaði og 13. tl., viðburði framundan. Gunnar Valur vakti athygli á Þorravöku Kvennakórs Garðabæjar í Kirkjuhvoli.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2., tl., verkefni starfshóps til vinnu að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu Garðabæjar og vék í því sambandi að endurskoðun reglna um starfsstyrki til ungra listamanna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi sama mál.

Ingvar Arnarson, ræddi 13. tl., viðburðir framundan og vakti athygli á opnu húsi hjá Tónlistarskóla Garðabæjar á degi tónlistarskólanna.

Fundargerðin lögð fram.

**7. 2001018F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 16/1 '20.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar – rammahluti Vífilsstaðalands.

Fundargerðin lögð fram.

**8. 2001036F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 29/1 '20.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi þjónustukönnun Gallup 2019 og óskaði skólastjórnendum og starfsfólk skólanna til hamingju með frábærar niðurstöður. Þá ræddi Sigríður Hulda 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla Garðabæjar, 3. tl., endurskoðun skólastefnu, 6. tl. verkefni starfshóps til vinnu að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu Garðabæjar og 9. tl., uppsögn skólastjóra Garðaskóla á starfi.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla Garðabæjar, 3. tl., endurskoðun skólastefnu.

Fundargerðin lögð fram.

**9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/1 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**10. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 22/1 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**11. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 24/1 '20.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., mat á losun á útblæstri bifreiða árið 2030 og 3. tl., kynningu á verkefninu Maas.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., kynningu á verkefninu Maas.

Björg Fenger, ræddi 3. tl., kynningu á verkefninu Maas.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju 3. tl., kynningu á verkefninu Maas.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 10/1 '20.**

Björg Fenger, ræddi 3. tl., markaðsáætlun 2020 og 6. tl., vagnakaupaútboð.

Fundargerðin lögð fram.

**13. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 22/1 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**14. 2001272 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 17/1 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**15. 1907114 - Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ**

Almar Guðmundsson, fylgdi úr hlaði reglum um akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ. Kom fram hjá Almari að reglurnar hafa verið til umfjöllunar í öldungaráði fjölskylduráði og bæjarráði.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ.

**16. 1909205 - Tillaga að breytingu á jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022.**

Almar Guðmundsson, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á jafnréttisstefnu Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi breytingar á jafnréttisstefnu Garðabæjar.

Í stað „umönnun aldraðra“ í 1. ml. 3. tl. kemur „þjónusta við fatlað fólk og aldraða.“

Fyrsti málslíður 3. tl. hljóðar þá svo:

"Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki sem veitendur þjónustu, má þar m.a. nefna menntun barna og unglings, tómstunda- og íþróttastarf, þjónustu við fatlað fólk og aldraða."

Í 2. ml. töluliðar 3.4. fellur niður „og fólk með fötlun.

Töluliður 3.4. hljóðar svo eftir breytingu:

"3.4. Málefni aldraðra.

Unnið skal að því með markvissum hætti að tryggja fjölbreytt framboð af tómstunda- og íþróttastarfi fyrir aldraða. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem sérhæfa sig í þjónustu við eldri borgara."

Við bætist nýr töluliður sem verður töluliður 3.5. sem orðast svo:

:

"3.5. Málefni fatlaðs fólks.

Unnið skal að því með markvissum hætti að tryggja fjölbreytt framboð af tómstunda- og íþróttastarfi fyrir fatlað fólk. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem sérhæfa sig í þjónustu við fólk með fötlun."

Töluliður 3.5. verður töluliður 3.6.

## **17. 1904109 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.000.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 1,67% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.000.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láininu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til byggingu grunnskóla í Urriðaholti, viðbyggingu við grunnskóla á Álfstanesi og byggingu fjölnota íþróttahúss sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánnsamning við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku að fjárhæð kr. 1.000.000.000 samkvæmt heimild í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 6. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddir bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Valborg Ösp Á Warén, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)

## Bæjarráð Garðabæjar

### 6. (1915). fundur 2020

Þriðjudaginn 11. febrúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfraeðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum lykilstjórnenda varðandi ágreining um viðbótarkostnað við grundun hússins.

Þá sagði bæjarstjóri frá fundi verkkaupa og verktaka, sem haldinn var 7. febrúar sl. þar sem verktakinn kynnti nýjar tillögur við hönnun á grundun hússins.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi, sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

**2. 1910339 - Dýjagata 12 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tómasi Jónassyni, kt. 070880-2969, leyfi til að stækka einbýlishús í byggingu að Dýjagötu 12.

**3. 1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasendum og deiliskipulagið með eftirsandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Byggingarreitir raðhúsanna við Reynilund 11, 13, 15 og 17 eru stækkaðir þannig að byggingarreitur við suðurhlið húsanna (baklóð) verður dreginn sem bein lína og getur þá komi til stækkunar bílskúrs um 10 m<sup>2</sup>.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagsлага. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Lagður fram tölvupóstur Albínu Tordarson, íbúa að Reynilundi 17 þar sem afgreiðslu skipulagsnefndar er mótmælt, dags. 10.02.2020.

**4. 2001378 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um stækkun byggingarreits að Sjávargötu 13.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðareiganda að Sjávargötu 13 um stækkun byggingarreits.

**5. 2001382 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytta notkun fasteignar að Breiðabólsstöðum.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að leyfa að hesthúsi að Breiðabólsstöðum verði breytt í íbúðarhúsnaði enda er húsnæðið staðsett á landnotkunarreit íbúðarbyggðar samkvæmt aðalskipulagi.

**6. 2001499 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðarinnar að Eikarási 10.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) í tilefni umsóknar um byggingu á garðhýsis á lóðinni við Eikarási 10, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

**7. 1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna svæðis á Grundum.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga vegna svæðis við Ægisgrund. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkað verði nýtt svæði við Hraunholtslæk fyrir samfélagsþjónustu.

**8. 1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna Ægisgrundar 1-5.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 1.mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, þar sem gert verður ráð fyrir að opið svæði við Hraunholtslæk breytist í svæði fyrir lóð Alþjóðaskólans á Íslandi ásamt því að áfram er gert ráð einbýlishúsalóðum á svæðinu. Tillagan var auglyst og bárust engar athugasemdir.

**9. 2001465 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lóð fyrir búsetukjarna.**

Lagt fram minnisblað tækni-og umhverfissviðs þar sem gerð er grein fyrir fimm tillögum að 5 valkostum fyrir staðsetningu búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Bæjarráð vísar minnisblaðinu til kynningar í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Eiríkur Björn Björgvinsson, vék af fundi undir þessum dagskrálið.

**10. 1902148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar að Markarflöt 51.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Flatahverfi í tilefni umsóknar um

stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar við einbýlishúsið að Markarflöt 51, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

**11. 1912164 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Holtsveg 53.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lóðarinnar við Holtsveg 53.

Grenndarkynning fellur niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 44. gr. þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða lóðarhafa.

**12. 1805129 - Tillaga um útboð á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.**

Fyrir er tekið bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks ásamt fylgigönum, dags. 10. febrúar 2020.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi og formaður stjórnar Strætó bs., sat fund bæjarráðs undir þessum lið. Björg gerði nánari grein fyrir tillögu um að Strætó bs. annist útboð á þjónustunni og fór yfir framlögð gögn.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að heimila Strætó bs. að annast sameiginlegt útboð með Reykjavík, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli fyrirliggjandi draga að samningi, sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu.

Bæjarráð vísar drögum að samningi, sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**13. 2002062 - Bréf Fjölbautaskólans í Garðabæ varðandi aðgang að landsvæði til útikennslu og ræktunar, dags. 04.02.20.**

Bæjarráð tekur jakvætt í erindið og vísar því til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 11. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

## Bæjarráð Garðabæjar

7. (1916). fundur 2020

Þriðjudaginn 18. febrúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, svíðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1904010 - Könnun meðal starfsfólks Garðabæjar - starfstengd viðhorf og liðan á vinnustað 2019.**

Á fund bæjarráðs mætti Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og gerði grein fyrir tildrögum könnunar meðal starfsfólks Garðabæjar um viðhorf og liðan á vinnustað og fór yfir samantekt á helstu niðurstöðum.

**2. 2002162 - Suðurhraun 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA 5 ehf., kt. 590404-2410 leyfi til niðurrifs hluta húsnæðis að Suðurhrauni 3, eignarhluti 0101.

Fyrir liggur starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins og samþykki veðhafa.

**3. 2002164 - Suðurhraun 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA 5 ehf., kt. 590404-2410 leyfi til niðurrifs hluta húsnæðis að Suðurhrauni 3, eignarhluti 0102.

Fyrir liggur starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins og samþykki veðhafa.

**4. 2002163 - Suðurhraun 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA 5 ehf., kt. 590404-2410 leyfi til niðurrifs hluta húsnæðis að Suðurhrauni 3, eignarhluti 0201.

Fyrir liggur starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins og samþykki veðhafa.

**5. 2002152 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi framboð til stjórnar, dags. 12.02.20.**

Lagt fram.

**6. 2002167 - Umsagnarbeiðni um nýtt rekstrarleyfi vegna veitingareksturs á Garðaholti,**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

**7. 1912270 - Bréf Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa varðandi landamerki og eignarmörk,**  
**dags. 05.02.20.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til nánari skoðunar bæjarstjóra og til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

8. **1912232 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi byggingarleyfi einbýlishúss að Brúnási 12, dags. 13.02.20.**  
Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem ákvörðun byggingarfulltrúans í Garðabæ frá 4. nóvember 2019 um að samþykkja byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á lóð nr. 12 við Brúnás 12 felld úr gildi.
9. **2002130 - Bréf Gunnars Gunnarssonar varðandi umsókn um lóð í Garðahverfi, dags. 11.02.20.**  
Bæjarráð vísar umsókninni til nánari skoðunar bæjarstjóra.
10. **2002131 - Bréf Magnúsar Gunnarssonar varðandi umsókn um lóð í Garðahverfi, dags. 11.02.20.**  
Bæjarráð vísar umsókninni til nánari skoðunar bæjarstjóra.
11. **2002175 - Tölvupóstur Heilabrota varðandi kynningu á starfsemi félagsins., dags. 10.02.20.**  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfritara. Bæjarráð telur rétt að kanna nánar vilja annarra sveitarfélaga og hugsanlega kostnaðarþáttöku ríkisins vegna starfseminnar.
12. **2002127 - Bréf Hafnarfjarðarbæjar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir Leiðarenda, dags. 05.02.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
13. **2002177 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnnarráðuneytis varðandi drög að frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, dags. 12.02.20.**  
Lagt fram.
14. **2002176 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, 119. mál., dags. 12.02.20.**  
Lagt fram.
15. **2002181 - Tillaga Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.**  
Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til fræðslu- og menningarsviðs.
16. **2002182 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um framkvæmdaáætlun.**  
Lögð fram og upplýst að stefnt er að því að leggja fram tímasetta framkvæmdaáætlun, aðgerðaráætlun vegna tillagna HLH og starfsáætlanir sviða á fundi bæjarráðs 25. febrúar nk.
17. **1806461 - Staðgreiðsluuppgjör 2019.**  
Lagt fram.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 18. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

## **Fjölskylduráð Garðabæjar 2. fundur 2020**

Miðvikudaginn 5. febrúar 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Kristín Einarsdóttir varamaður, Bryndís Björk Ásgeirs dóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Eva Ósk Ármannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### **1. 1410124 - Barnaverndarmál**

Mál nr. 1410124 lagt fram í fjölskylduráði. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar

17. fundur 2020

Þriðjudaginn 11. febrúar 2020 kl. 16:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingí Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Svanhildur Þengilsdóttir mætti á fundinn og kynnti starfið í Jónshúsi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2001004 - Afreksstyrkir 2020

ÍTG samþykkir afreksstyrki til eftirfarandi íþróttamanna:

Hilmar Snær Örvarsson kt. 270700-3650 skíðamaður íþróttakarl Garðabæjar 2019 kr. 300.000,-  
Kolbrún Þöll Þorradóttir kt.101299-2609 fimleikakona íþróttakona Garðabæjar 2019 kr. 300.000,-  
Hákon Atli Bjarkason kt. 121291-2079 borðtennismaður kr. 200.000,-  
Pétur Fannar Gunnarsson kt.040298-2159 dansari kr. 200.000,-  
Ragnar Má Garðarsson kt.030895-2319 golfari kr. 200.000,-  
Sigurð Arnar Garðarsson kt. 260202-2430 golfari kr. 200.000,-

### 2. 2002019 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Afgreitt í lið 1

Keppnisáætlun fylgir umsókninni um ferðastyrkinn.

### 3. 2002020 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Afgreitt í lið 1

### 4. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

ÍTG vinnur áfram að áætluninni og framsetningu hennar fram að næsta fundi.

### 5. 2001442 - Hákon Atli Bjarkason - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- til Hákons Atla Bjarkasonar kt.121291-2079 vegna borðtenniskeppni fatlaðra á Malmö Open í Svíþjóð 6. febrúar 2020 á vegum ÍF.

### 6. 2001441 - Hákon Atli Bjarkason - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Hákons Atla greiðist um leið og ferð hefur verið farin.

### 7. 2002016 - Pétur Fannar Gunnarsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir tvo ferðastyrki að upphæð 20.000,- kr. alls 40.000,- til Péturs Fannars Gunnarssonar kt. 040298-2159 dansíþróttakeppnisferða til England og Japan

**8. 2001032 - Andri Már Rúnarsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Andra Más Rúnarssonar kt. 2108023120 vegna landsliðverkefnis með HSÍ á Sparkassen Cup í Þýskalandi 26.12.2019

**9. 2001317 - Rekstrarstyrkir KFG 2020**

ÍTG óskar eftir að KFG skili ársreikningi 2019 eins og kveðið er á um í samsstarfssamningi, áður en ákvörðun er tekin um viðbótarstyrk vegna ársins 2020.

Önnur mál: Farið var yfir stöðu framkvæmda við Fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýrinni.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Leikskólanefnd Garðabæjar**

**13. fundur 2020**

Miðvikudaginn 12. febrúar 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Elín Ósk Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001449 - Upplýsingar um viðveru barna í leikskólum Garðabæjar**

Lagðar fram upplýsingar um viðveru barna í leikskólum sveitarfélagsins.

**2. 1703076 - Heilsueflandi samfélag Landlæknir**

Kynning á verkefninu Velsæld í Garðabæ hvernig framkvæmd þess er háttáð og hver staða þess er í dag.

**3. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019**

Íbúakönnun/ þjónustukönnun Gallup lögð fram til kynninar. Nefndin fagnar niðurstöðum könnunarinnar og þakkar starfsfólki leikskóla fyrir góð störf.

**4. 2002027 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2020-2021**

Skóladagatal leik- og grunnskóla 2020- 2021 samþykkt.

**5. 2002117 - Áhersluþættir þróunarsjóðs leikskóla**

Tillögur að áhersluþáttum Þróunarsjóðs leikskóla lagðar fram og samþykktar. Áhersluþættirnir eiga sér samsvörum í heimsmarkmiðin og áhersluþáttum Þróunarsjóðs grunnskóla.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Skipulagsnefnd Garðabæjar

2. fundur 2020

Föstudaginn 7. febrúar 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson varamaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram drög að deiliskipulagi Móa sem nær til fullbyggðs svæðis í Kjarrmóum og Lyngmóum sem Arkitektastofan Arkþing vinnur að. Þar sem að deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórm áður en fyrsta aðalskipulag Garðabæjar tók gildið árið 1987 telst deiliskipulag á svæðinu ekki í gildi og því hefur verið ákveðið að vinna nýja tillögu. Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

### 2. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir fundi með formanni skipulagsráðs og skipulagsstjóra Kópavogs og formanni Skógræktarfélags Garðabæjar. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með Vegagerðinni, SSH, Hafnarfirði og Kópavogi vegna stofnbrautakerfis. Ábendingar sem borist hafa lagðar fram. Umsögn Vegagerðarinnar dags 29.janúar sl lög fram. Vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

### 3. 1809192 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 2. Grundir

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðarbæjar 2016-2030 í Grundahverfi að lokinni auglýsingu í samræmi við 31.gr.Skipulagsлага nr.123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir sem gerir ráð fyrir því að svæði 2.03 S (2.09 Op (opið svæði)stækkar um 0,6 ha og nær upp með Hraunsholtslæk, svæði 2.09 Op minnkar sem því nemur og svæði 2.10 íb minnkar lítilslega.

Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til sama svæðis frá 14.nóvember 2019 til 6.janúar 2020.

Umsagnir sem borist hafa á auglýsingartíma lagðar fram.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 2.mgr.32.gr.sömu laga.

### 4. 1710090 - Ægisgrund 1-5, dsk br (Svæði L6)

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til svæðis frá Ægisgrund að Vífilsstaðavegi. Tillagan gerir ráð fyrir því að opið svæði við Hraunsholtslæk breytist í skólalóð þar sem stefnt er að að reisa húsnæði Alþjóðaskólans. Lögun tveggja nýrra lóða við Ægisgrund breytist.

Tillagan var auglýst samhliða breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis frá 14.nóvember 2019 til 6.janúar 2020.

Engar athugasemdir bárust.

Lögð fram húsakönnun og fornleifaskráning sem unnin hefur verið vegna tillögunnar. Lagðar fram umsagnir frá Umhverfisstofnun og Minjastofnun um tillögurnar. Einnig lagðar fram umsagnir frá Vegagerðinni og heilbrigðiseftirliti vegna lýsingar verkefnisins. Skipulagsnefnd telur að hvorki umsagnir, fornleifaskýrsla né húsakönnun kalli á breytingu á tillögunni.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslags nr.123/2010.

## **5. 1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Lundahverfi að lokinni auglýsingu skv. 1.mgr.41.gr. Skipulagsblaða nr.123/2010. Tillagan var auglýst 4. nóvember 2019 og gefinn frestur til 16. desember 2019 til að koma með athugasemdir við tillöguna.

Innan athugsemdarfrests bárust þrjú erindi með athugasemdum frá eigendum og íbúum raðhúsanna að Reynilundi 11, 13 og 15. Athugasemdirnar eru samhljóða þar sem því er mótmælt að byggingarreitur hússanna sé afmarkaður við húsin sjálf og þess krafist að byggingarreitur hússanna verði stækkaður. Einnig var gerð athugasemd við varðveislu mat húsakönnunar Lundahverfis.

Lagt fram erindi dags. 5.febrúar 2020 frá Hildi Sólveigu Pétursdóttir hrl.fyrir hönd eiganda Reynilundar 17 Albínu Thordarson sem er um leið arkitekt raðhúslengjunnar. Á deiliskipulagsuppdrætti samkvæmt auglýstri tillögu má sjá að almenna reglan, hvað einbýlishús varðar, er að byggingarreitur er ekki afmarkaður við húsin sjálf heldur gefur hann möguleika á stækkun hússanna að uppfylltum skilmálum deiliskipulagsins. Hvað raðhús varðar að þá er það ýmist hvort byggingarreitur afmarkast við húsin sjálf eða ekki. Almennt var við afmörkun byggingarreita byggt á eldri mæliblöðum.

Í tilviki raðhúslengjunnar Reynilundur 11, 13, 15 og 17 þykir með vísan til sjónarmiða sem fram koma í athugasemdum eigenda raðhúsanna nr. 11, 13 og 15 fellst skipulagsnefnd á að rýmka byggingarreit hússanna þannig að byggingarreitur við suðurhlið hússanna verði dreginn sem bein lína. Með því móti skapast möguleiki til að stækka bílskúr hússanna um 10 m<sup>2</sup>.

Umrædd breyting á byggingarreit ofangreindrar raðhúsalegnju sem getur heimilað stækkun húsa á baklóð um 10 m<sup>2</sup> er minniháttar þegar horft er til deiliskipulagsins í heild sinni. Breytingin hefur á engan hátt áhrif á yfirbragð eða götumynd viðkomandi húsa. Það er því ekki um að ræða breytingu í grundvallaratriðum sem hefði gert kröfu um endurauglýsingu tillögunnar samkvæmt 4. mgr. 43. gr. skipulagsblaða.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis með ofangreindri breytingu í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagsblaða nr.123/2010. Eldra deiliskipulag Lundahverfis sem samþykkt var í bæjarstjórn telst ekki í gildi sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis-og auðindamála 23/2010 og því ekki ástæða til að fella það sérstaklega úr gildi.

Skipulagsstjóri vék af fundi undir þessum lið.

## **6. 2001465 - Lóð fyrir búsetukjarna**

Lagt fram minnisblað tækni-og umhverfissviðs þar sem stillt er upp 5 valkostum fyrir staðsetningu búsetukjarna fyrir hreyfihamlaða.  
Skipulagsnefnd mælir með því að tillögur lóða í Ásahverfi, við Brekkuás annarsvegar og Bergás hinsvegar verið skoðaðar frekar.

**7. 2001382 - Breiðabólstaðir - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að breytingu hesthúss í íbúðarhús að Breiðabólsstöðum.  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á notkun, þ.e. að hesthúsini sé breytt í íbúðarhúsnæði enda er húsið inni á landnotkunarreit íbúðarbyggðar í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

**8. 2001378 - Sjávargata 13 - stækkun - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn frá húseiganda þar sem spurt er hvort heimilað verði að stækka byggingarreit hússins. Skipulagsnefnd leggst gegn því að byggingarlína meðfram Sjávargötu sé rofin eins og tillaga gerir ráð fyrir auk þess sem nálægð við hús númer 9 verði of mikil og ekki í samræmi við bil milli húsanna í deiliskipulagi. Svar skipulagsnefndar er því neikvætt.

**9. 2001499 - Fyrirspurn til Skipulagsstjóra - Eikarás 10 - garðskáli**

Lögð fram tillaga að garðhhýsi við háan stoðvegg við lóðarmörk að ofanverðu.  
Skipulagsnefnd leggur til að tillagan geri ráð fyrir fallvörnum (handriði) ofan á stoðvegg sem hindrar líka að unnt sé að ganga beint út á þak garðhýssiss.  
Skipulagsnefnd metur tillöguna með ofangreindri breytingu sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra, Ásahverfis í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagsлага og vísar til grenndarkynningar.  
Grenndarkynna skal eigendum Eikaráss 8, 11, 13 og 15 og Greniáss 13,15,17 og 19.

**10. 2001464 - Gilsbúð 9, stækkun á lóð og byggingareit - breytt deiliskipulag Gilsbúðar 9**

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**11. 1912107 - Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunholts eystra**

Vísað til frekar skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**12. 1902148 - Markarflöt 51, fyrirspurn um viðbyggingu**

lögð fram tillaga að breytingu deiliskiplags Flata sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit á baklóð fyrir viðbyggingu.  
Skipulagsnefnd vísar tillöggunni til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu á deiliskiplagi Flata í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagsлага nr.123/2010.  
Grenndarkynna skal eigendum Markarflatar 28, 30, 49 og 53.  
Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.

**13. 1912164 - Holtsvegur 53 - stækkun bílageymslu - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn um breytingu á fyrirkomulagi sorpgeymslu og stækkun neðanjarðar bílageymslu fjölbýlishúss að Holtsvegi 53. Lögð fram umsögn deiliskipaghöfundar sem mælir ekki gegn breytingunni og telur hana í raun til bóta. Með vísan í umsögn deiliskipaghöfundar samþykkir skipulagsnefnd tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr. Grenndarkynning er felld niður í samræmi við 3.mgr.44.gr.sömu laga þar sem að tillagan varðar ekki

hagsmuni annara en umsækjanda og Garðabæjar.

**14. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019**

Lögð fram.

**15. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun**

Kynningarfundur og opið hús vegna vinnu við umferðaröryggisáætlun verður haldinn miðvikudaginn 18. mars næstkomandi í Sveinatungu.

**16. 2001509 - Ölfus, endurskoðun aðalskipulags. Skipulagslysing**

Skipulagsnefnd. gerir ekki athugasemd.

**17. 2002005F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lögð fram.

**17.1 2001499 - Fyrirspurn til Skipulagsstjóra - Eikarás 10 - garðskáli**

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Sótt var um garðskýli við lóðarmörk að ofanverðu árið 2012, þá kallað svalalokun og um leið var sótt um smáhýsi við sömu lóðarmörk. Því erindi var hafnað. Í einbýlishluta Ásahverfis eru á annan tug smáhýsa en þau eru öll minni en 12 m<sup>2</sup> og flest nærri lóðarmörkum. Stöðveggur á lóðarmörkum að ofanverðu er allt að 3 metra hárr og án fallvarna. Skipulagsstjóri vísar fyrirspurn til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

**17.2 2001287 - Ránargrund 1 -Umsókn um byggingarleyfi**

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram reyndarteikningar af íbúðarhúsi á lóðinni Ránargrund þar sem garðskýli fer lítilega út fyrir byggingarreit. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis (samþykkt uppráttta) verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagsлага nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þetta atriði varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

**17.3 2001131 - Aratún 36 -Umsókn um byggingarleyfi**

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram aðalteikningar sem fylgja byggingarleyfisumsókn að Aratún 36 þar sem að bílageymsla fer út fyrir byggingarreit til austurs og norðurs. Skiplagsstjóri mælir með því að bygging sé innan byggingarreits. Að öðrum kosti þarf lóðarhafi að sækja um deiliskipulagsbreytingu.

**17.4 1912289 - Iðnbúð 2 -Umsókn um byggingarleyfi**

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram aðalteikingar sem fylgja byggingarleyfisumsókn að Iðnbúð 2. Svalir á efri hæð ná út fyrir byggingarreit og sorpgeymsla er utandyra. Ekki er sérstaklega kveðið á um svalir eða skyggni í deiliskipulagi en kveðið á um að byggingar skulu vera innan byggingarreits. Kveðið er á um að sorpgeymsla sbr.gr.4.5.í skilmálum sé innanhúss og 30 m<sup>2</sup> leiksvæði á lóð sbr.grein 5.1.

Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagsлага nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað sorpgeymslu og svalir varðar. Sýna skal leiksvæði á lóð. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

17.5 2001227 - Smiðsbúð 3 - skipulagsmál

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Smiðsbúð 3 sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits. Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega deiliskipulagsbreytingu Iðnbúðar/Smiðsbúðar sbr.2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar tillögunni til grenndarkynningar.

Grenndarkynna skal eigendum Iðnbúðar 2, 4 og 6 og Smiðsbúðar 1, 2,4,5,6 og 8.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

17.6 2001370 - Dýjagata 2-6 - hæð handriða á bílskúr

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lögð fram fyrirspurn frá byggingarfulltrúa um handrið ofan á bílageymslu að Dýjagata 2-6 en nágranni telur að þau séu ekki í samræmi við deiliskipulagsskilmála. Samkvæmt deiliskipulagi gilda almennir skilmálar um handrið fyrir handrið á stakstæðum bílageymslum en þar segir að gegnsæi skuli aldrei vera minna en 50%. Lagðar fram ljómyndir sem nágranninn hefur tekið á staðnum.Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

17.7 2001498 - Fyrirspurn til skipulagsstjóra - Kinnargata 18 - bílskúr

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa þar sem spurt er hvort heimilað yrði að færa bílgeymslu yfir á annan lóðarhelming eins og er í öðrum einbýlishúsum í sama botnlanga. Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

17.8 1910158 - Kinnargata 24 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram aðalteikningar sem fylgja byggingarleyfisumsókn og erindi hönnuðar. Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis hafi verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað útskot stofuglugga efri hæðar og stoðsúlu varðar sem getið er í erindi hönnuðar dagsett 13.janúar 2020 . Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

17.9 1908041 - Maríugata 34 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram aðalteikningar sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir fjölbýlishúsið Maríugata 34. Samkvæmt teikningu er gert ráð fyrir einu bílastæði fyrir tvær íbúðir sem eru 90 m<sup>2</sup> og eina íbúð sem er 90,3 m<sup>2</sup>. Samkvæmt grein 4.6.7. í skipulagsskilmálum Urriðaholts Austurhluta skal gera ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir íbúðir stærri en 90 birtum fermetrum og einu stæði fyrir minni en 9m birtum fermetrum. Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar þegar gerð er krafa um fjölda bílastæða í bílakjallara enda er stærð íbúðar aðeins lítillega stærri (90,3m<sup>2</sup>) eða jafnstór (90,0 m<sup>2</sup>) en ákvæði deiliskipulags gerir ráð fyrir. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

17.10 1911186 - Víkurgata 4 -Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 1**

Lagðar fram aðalteikningar sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Einnig erindi frá hönnuði þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæðum deiliskipulagins hvað varðar uppbrot útveggja.

Skipulagsstjóri vísar málínu til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Umhverfisnefnd Garðabæjar

20. fundur 2020

Fimmtudaginn 13. febrúar 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1912323 - Tillaga að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ á grundvelli náttúruverndarlag'a**  
Lagt fram. Umhverfisnefnd fagnar stöðu málsins.
2. **1902106 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi friðlýsingaskilmála og breyttum mörkum fólkvangsins Hliðs, dags. 28.01.20.**  
Lagt fram. Umhverfisnefnd fagnar stöðu málsins.
3. **1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun**  
Linda Björk Jóhannsdóttir kynnti fyrir nefndinni stöðu friðlýsinga sem eru í vinnslu í samstarfi við Umhverfisstofnun.
4. **2001237 - Urriðavatn og Urriðakotslækur - vöktun á yfirborðsvatni í Hafnarfjarðarbæ**  
Lagt fram til kynningar.
5. **1701151 - Uppgræðsla á beitarhólfí í Krísuvík**  
Frá Landgræðslu ríkisins barst áfangaskýrsla um uppgræðslu í beitarhólfí í Krísuvík árið 2019 og áætlun fyrir árið 2020 ásamt styrkbeiðni. Umhverfisnefnd samþykkir styrkbeiðni.
6. **2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019**  
Lagt fram.
7. **2001084 - Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar**  
Lagðar fram hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu sem hafa verið unnar á vegum Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
8. **1809224 - Lykilleiðir hjólareiða**  
Stofnleiðanet hjólastiga er í vinnslu á vegum sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og vegagerðarinnar og kynnti Guðbjörg Brá Gísladóttir þá vinnu.  
Umhverfisnefnd leggur til strandleið verði einnig í Garðabæ.
9. **1912314 - Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs til kynningar.**  
Lagt fram.

**10. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.**

Innleiðing á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar - Garðabær gegn sóun er hafin með kynningu fyrir forstöðumenn í stofnunum Garðabæjar. Þeir munu svo skipa græn teymi innan sinna stofnanna til að leiða vinnuna við innleiðinguna.  
Umhverfisnefnd þakkar starfsfólki fyrir vel unnin störf.

**11. 2001492 - Úttekt á kostnaði vegna sorphirðu sveitafélagsins**

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir kostnað við sorphreinsun og sorpeyðingu fyrir árin 2018 og 2019 ásamt yfirliti yfir kostnað við sorphreinsun hjá stofnunum bæjarins fyrir sömu ár.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 316. fundur

Fimmtudaginn 30. janúar 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Helga Ingólfssdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Steinsson (ÁS) Hjálmar Steinsson (HS) og Margrét Friðriksdóttir (MF).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

Dagskrá:

1. Útboð á vögnum.
2. Árangursmat stjórnar.
3. Innri endurskoðun.
4. Borgarlínan.
5. Kjarasamningur við Sameyki.
6. Greiðslukerfið – verkáætlun
7. Fargjaldastefna
8. Önnur mál.
  - a. Tillaga frá fulltrúa Sjálfstæðisflokkks í Reykjavík varðandi tíðni ferða.
  - b. Bréf um fullnaðarafgreiðslu tillögu um öryggisbelti.
  - c. Dómsmál - staðan.
  - d. Eigendastefna – vinnuskjal til umræðu.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Útboð á vögnum.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Veitum vegna innviða er varðar rafmagn í bækistöð Strætó að Hesthálsi 14. Ákveðið að stofna samstarfsvertvang til að skoða næstu skref í uppbyggingu innviða í bækistöðinni. Umræður um innviði og eignarhald á þeim. Útboðsgögn vegna vagnakaupa verða lögð fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi til samþykktar.

##### 2. Árangursmat stjórnar.

Sigríður Harðardóttir, mannausstjóri Strætó, kom á fundinn og kynnti niðurstöðu árangursmat stjórnar, niðurstöður ræddar.

##### 3. Innri endurskoðun.

Stjórn samþykkir að Deloitte verði innri endurskoðandi Strætó fyrir árið 2020 og heimilaði stjórnarformanni Strætó að undirrita ráðningarbréf þar um.

##### 4. Borgarlínan

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fundi með stýrihóp Borgarlínu. Einn leiðarkerfissérfræðingur Strætó mun starfa með Borgarlínuhópnum í 2/3 starfshlutfalli. Samvinna hefur verið mjög góð milli aðila og með þessu verður það styrkt enn frekar.



## 5. Kjarasamningar við Sameyki.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og kröfugerð Sameykis. Strætó bauð samning í samræmi við forsendur lífskjarasamnings.

## 6. Greiðslukerfi - verkáætlun

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækni, kom á fundinn og fór yfir verk- og tímaáætlun fyrir innleiðingu á rafrænu greiðslukerfi ásamt skipulagi og eftirliti í kringum verkefnið.

## 7. Fargjaldastefna.

Markús Vilhjálmsson, sölustjóri Strætó, kom á fundinn og fór yfir vinnuskjal með tillögum um hvernig hægt væri að einfalda gjaldskrá Strætó og færa hana meira til samræmis við önnur Norðurlönd. Stjórn ákvað að halda umræðum áfram með það að markmiði að móta nýja fargjaldastefnu fyrir Strætó sem innleidd yrði samhliða nýju greiðslukerfi.

## 8. Önnur mál

- a) Tillaga frá fulltrúa Sjálfstæðisfloks í Reykjavík varðandi tíðni ferða á stofnleiðum.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara erindinu.

- b) Erindi um fullnaðarafgreiðslu frá fulltrúa Sjálfstæðisfloksins í Reykjavíki varðandi öryggisbelti í almenningssvögnum.

Strætó er umhugað um öryggi viðskiptavina sinna og er með umhverfis- og öryggisvottun þar sem aðalmarkmiðið er að tryggja öryggi viðskiptavina á ferð með almenningssamgöngum. Undanfarin ár hefur ekki verið gert ráð fyrir því að öryggisbelti sé í þeim sætum sem eru í vögnum Strætó og því tæknilega erfitt og jafnvel ómögulegt að setja öryggisbelti í núverandi vagnaflota. Strætó fylgist grannt með þróun öryggismála í almenningssamgöngum á Norðurlöndum, en eins og staðan er í dag er ekki talin þörf á öryggisbeltum í almenningssvögnum á höfuðborgarsvæðinu.

- c) Dómsmál, farið var yfir stöðuna í dómsmáli vegna forgangsröðunar í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
- d) Á fundi stjórnar Strætó þann 11. okt. 2019 var stjórnarformanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að hefja skoðun á eigendastefnu Strætó bs., skoða útfærslur á kostnaðarskiptingu sem og kosti og galla útivistunar. Sagt frá fundi framangreinds vinnuhóps og lagt fram vinnuskjal til umræðu um þau atriði sem hópurinn telur að þurfi að skoða s.s. skipulag og umgjörð byggðasamlagsins.



Fundi slitið kl. 13:30

Fylgiskjöl: Minnisblað Veitna, Greiðslukerfi verkáætlun.

---

Björg Fenger

---

Ásgeir Sveinsson

---

Margrét Friðriksdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

418. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 30.01.2020, kl.15:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Águst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóna Sæmundsdóttir í GSM. Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfraeðingur. Gestur fundarins undir lið 1 var Anton Björn Markússon og undir lið 2 var Birgir Björn Sigurjónsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason.

Jóna Sæmundsdóttir fer af fundi kl. 15:45

Águst Bjarni fer af fundi kl. 16:05

Tekið fyrir:

**1. Málefni framkvæmdastjóra**

Málið rætt.

**2. Endurskoðun á rekstrar- og fjárfestingaáætlun**

Stjórn samþykkir að halda áfram rýningu á fjárhagsáætlun félagsins og forsendum hennar.

**3. Framvinda framkvæmda vegna stækunar í móttökustöð í Gufunesi**

Lögð fram skýrsla Mannvits frá dags. 24.01.2020 miðað við stöðu í lok nóvember 2019. Stjórn óskar eftir því að fá framvinduskýrslu fyrir desember 2019 fyrir næsta fund.

Stjórn óskar eftir að fá sambærilega framvinduskýrslu frá Mannviti vegna GAJA fyrir næsta fund stjórnar.

**4. Gjaldskrá endurvinnsluefna**

Lagt fram.

R. B. J. H.

BB  
B. J. H.  
K. G. b.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 7. febrúar kl. 15:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 17:31

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bristeis Jón Jónasson  
Bjarni Taft Kolbein G. Þorsteinið!  
Bjarni Höglund Þór

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

### 419. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, Kópavogi, þann 7. febrúar 2020, kl. 13:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður.

#### Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóna Sæmundsdóttir. Gestur fundarins var Eva B. Helgadóttir, hrl., sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir seinnihluta liðar 1, var Björn H. Halldórsson og Reimar Pétursson, hrl.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Málefni framkvæmdastjóra – trúnaðarmál.

Farið var yfir framvindu mála og stöðuna. Leitað var ráðgjafar hjá helstu sérfræðingum í vinnurétti um réttarstöðuna. Lagt fram minnisblað LMB Mandat lögmannsstofu. Stjórn fór yfir málið og andmælabréf sem barst frá Birni H. Halldórssyni frá 28. janúar s.l. og telur að svörin hafi ekki verið fullnægjandi og breyti engu efnislegu né hrekji þær ávirðingar sem á Björn eru bornar í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Stjórn ákvað af þeim sökum að veita Birni H. Halldórssyni áminningu með vísan til gr. 9.8.1 í kjarasamningi Verkfræðingafélags Íslands og Reykjavíkurborgar og veita honum rétt til þess að bregðast við henni til 11. febrúar n.k.


Kl. 13:27 koma inn á fundinn Björn H. Halldórsson ásamt lögmanni sínum Reimari Péturssyni þar sem Birni var afhent ofangreind áminning, dags. 7. febrúar 2020. Víku þeir af fundi kl. 13:30.


#### Næsti fundur:

Næsti fundur ákveðinn þann 12. febrúar 2020 klukkan 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:48

Fundarritari: Eva B. Helgadóttir, hrl.

  
Birkir Jón Jónsson  
Birkir Jón Jónsson  
Birkir Jón Jónsson

  
Eva B. Helgadóttir  
Eva B. Helgadóttir  
Eva B. Helgadóttir

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

420. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 12.02.2020, kl.12:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóna Sæmundsdóttir.

Inn á fundinn komu Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Gnýr Hjarðar yfirverkfræðingur undir 3. lið.

Gestur fundarins undir lið 1, var Eva B. Helgadóttir, hrl.

Gestur fundarins undir lið 3, var Birgir Björn Sigurjónsson.

Þá var viðstaddir Haraldur Flosi Tryggvason hdl. ráðgjafi stjórnar sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Málefni framkvæmdastjóra – trúnaðarmál.

Eva B. Helgadóttir hrl. lagði fram minnisblað LMB Mandat lögmanns, dags. 12. febrúar 2020, þar sem fjallað var um andmæli framkvæmdastjóra við áminningu í starfi og mögulegar leiðir í stöðunni.

Að undangengnum umræðum var ákveðið að segja framkvæmdastjóra upp með samningsbundnum fyrirvara og óska ekki eftir frekara vinnuframlagi í uppsagnarfresti.

2. Ráðning tímabundins framkvæmdastjóra.

Formaður lagði fram þá tillögu að Dr. Helgi Þór Ingason yrði ráðinn tímabundið í starf framkvæmdastjóra.

Samþykkt að loknum umræðum og var stjórnarformanni og varaformanni falið að semja við Dr. Helga Þór Ingason.

Klo B77  
B77  
B77  
B77

3. Fjármál og rekstur.

Birgir Björn Sigurjónsson, mætti á fundinn og gerði grein fyrir athugun á fjárhag og sjóðstreymi SORPU.

Umræður.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 17. febrúar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 14:16

Fundarritari: Haraldur Flosi Tryggvason

Birgir Jón Jónasson  
Haraldur Flosi Tryggvason  
Jón Haraldsson  
Kolbrún G. Þorsteinsd.  
Björn Þórðarson  
Haraldur Flosi



## Stjórn SSH 481. fundur

Mánudaginn 3. febrúar 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Árman Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Karl M. Kristjánsson og Rós Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Gestir fundarins:

Róbert Ragnarsson RR ráðgjöf – fundarliður 3.  
Sævar Kristinsson, Símon Þorleifsson KPMG og Hrafnkell Á. Proppé SSH fundarliður 5.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Stjórn ákváð á síðasta fundi að drög að sóknaráætlun með áorönum breytingum myndi fara til umsagnar í samráðsgátt stjórnarráðsins og endanleg drög yrðu síðan lögð fyrir stjórn. Nú liggja umsagnir fyrir og hafa þær verið lagðar fyrir fundinn.

Umræður

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að sóknaráætluninni og farið yfir þær umsagnir og ábendingar sem komið hafa fram. Endanleg drög verða síðan lögð fram á fundi stjórnar í byrjun mars n.k.

### 2. Samningur um Sóknaráætlun 2015-2019 /málsnr. 1501010

Farið yfir stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar síðasta árs, drög að uppgjöri 2019 og framhald áhersluverkefna fram á árið 2020. Fyrir liggur annars vegar vinnuskjal er varðar uppgjör áhersluverkefna 2019 og minnisblað er varðar stöðu áhersluverkefna og næstu skref er þau varða.

Umræður

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að fjármunir sem ætlaðir voru til áhersluverkefnis í að greina og meta sóknarfæri höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja verði ráðstarfað til áhersluverkefnisins „Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur – markaðssetning höfuðborgarsvæðisins (Location Reykjavík Capital Area). Styrihópur stjórnarráðsins um byggðarmál hefur samþykkt fyrir sitt leyti þessa ráðstöfun.

### 3. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1911002

Stjórn ákvað á síðasta fundi stjórnar að fela formanni og framkvæmdastjóra að undirbúa tillögugjerð og leggja fram tillögu að verk- og tímaáætlun er varðar verkefni um stjórnsýslulega stöðu byggðarsamlaganna. Lagt er fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Þá kynnir Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf samstarf sveitarfélaga og lagaumhverfi á Norðurlöndunum.

Umræður



**Niðurstaða fundar:**

Framkvæmdastjóra, í samráði við formann stjórnar, er falið að hefja viðræður við utanaðkomandi ráðgjafa vegna verkefnisins og ganga frá samningi m.v. þær grunnforsendur sem nú liggja fyrir og koma fram í minnisblaði framkvæmdastjóra. Ítarlegri verkefnatilhögun mun liggja fyrir á næsta fundi stjórnar en mikilvægt er þó að verkefnið fari af stað sem fyrst. Gert er ráð fyrir hluta af kostnaði verkefnisins í fjárhagsáætlun SSH, en auknum kostnaði er skipt í hlutfalli skv. íbúatölu milli sveitarfélaganna og innheimt sérstaklega.

**4. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002**

Farið yfir stöðu undirbúnings Borgarlínu. Hrafnkell Á. Proppé er gestur fundarins undir þessum dagskrálið.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**5. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002**

Farið yfir stöðu verkefnisins og er sérstök umræða um stofnun og skipulag félagsins skv. samgöngusáttmálanum.

Gestur fundarins er Sævar Kristinsson frá KPMG, en fundað hefur verið um þetta málefni m.a. með ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála.

Umræður

**Niðurstaða fundar:**

Áfram verður unnið að málinu í samráði við aðila málsins.

**6. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005**

Lögð fram til kynningar útboðsgögn framkvæmda á skíðasvæðunum ásamt minnisblaði frá forstöðumanni skíðasvæðanna er málið varðar.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**7. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006**

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2019 fól stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu. Liggur minnisblaðið nú fyrir og hefur verið lagt fram.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**8. Svæðisskipulagsnefnd**

Fundargerð 91. fundar svæðisskipulagsnefndar frá 24. janúar 2020 lögð fram til kynningar. Þá hefur verið lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun 2020 sem farið var yfir á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Umræður



**Niðurstaða fundar:**

Fundargerð 91. fundar svæðisskipulagsnefndar frá 24. janúar 2020 er lögð fram til kynningar. Stjórn staðfestir framlagaða starfs- og fjárhagsáætlun.

**9. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga /málsnr. 2002003**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2019 er varðar viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmálflokka og upplýsingar um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Lagt fram til kynningar:

- a) Viðmiðunarreglur um samfélagslega ábyrgð.
- b) Stefna um samfélagslega ábyrgð.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**10. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. janúar 2020 þar sem boðað er til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. mars. n.k.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**11. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Fundargerð 57. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins frá 9. desember 2019 lögð fram til kynningar.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**12. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 417.**

Fundargerð 417. fundar Sorpu lögð fram til kynningar.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**13. Fundargerð SASS – 552 fundur**

Fundargerð 552. fundar stjórnar SASS frá 13. desember 2019 lögð fram til kynningar.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**14. Fundargerð SSNV – 51. fundur**

Fundargerð 51.fundar stjórnar SSNV frá 17. janúar 2020 lögð fram til kynningar.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.



**15. Umsagnir þingmála /málsnr. 1910005**

- a) UAR Heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál -umsögn f. 13.02.2020

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

Fundi er slitið kl: 14:00

Formaður leggur til að haldinn verði aukafundur í stjórn SSH föstudaginn 7.febrúar kl 08:00.




Samtök sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

# Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

## Sameiginlegar reglur

Samþykkt xx.xx.2020



## **Sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu**

Eftirfarandi sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu grundvallast á samkomulagi eftirtalinna sveitarfélaga, Garðabæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Mosfellsbæjar um *sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu* dags. xx. xxxxxx 2020.

Reglurnar mynda sameiginlegan grunn en sveitarfélögunum er heimilt að setja sértaekar reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum.

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk frá XX. febrúar 2020.

### **1. Notendur þjónustunnar**

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Reykjavíkur, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Hafi fatlaður einstaklingur átt rétt á að nota aksturbjónustu fatlaðs fólks fyrir 67 ára aldur á hann rétt á þeirri þjónustu eftir að 67 ára aldri er náð óski hann bess að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum bessum. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og áður notað aksturbjónustu fatlaðs fólks fram að þeim aldri á hann rétt á henni áfram á meðan þörf krefur.

Umsækjandi skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól. Skilyrði er að um sé að ræða varanlega hreyfihömlun eða hreyfihömlun sem hefur varað í þrjá mánuði eða lengur.
- Er ófær um að nota almenningssamgöngur vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Með auknu upplýsingaflæði, leiðbeiningum og þjálfun munu sveitarfélög vinna í sameiningu og í samstarfi við Strætó bs. að því að efla notendur til aukins sjálfstæðis og frekari virkni í notkun almenningssamgangna samhliða akstursþjónustu.

### **2. Umsóknir**

Umsókn um akstursþjónustu fatlaðs fólks skal senda til félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem umsækjandi á lögheimili í. Skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningssvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Geti umsækjandi nýtt sér almenningssamgöngur allt árið ber að hafna umsókninni, unnt er að samþykka umsókn hluta úr ári sé þörf á tímabundinni akstursþjónustu.

Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun. Gildistími samþykktar umsóknar skal taka mið af þörfum hvers og eins. Miða skal við að umsókn sé samþykkt til tveggja ára. Ef um varanlega hreyfihömlun er að ræða er heimilt að samþykka umsókn ótímabundið. Upplýsa skal notanda að jafnaði tveimur mánuðum áður en samþykkt umsókn rennur úr gildi.

Ef að um er að ræða verulegar breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykksis fyrir akstursþjónustu.

Þegar notandi akstursþjónustu fatlaðs fólks dvelur tímabundið utan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum og óskar eftir akstursþjónustu þar sem hann er staddur, er það heimilt ef fyrirriggjandi er samþykkt viðkomandi sveitarfélags um akstursþjónustu. Þá skal einnig liggja fyrir samþykki dvalarsveitarfélags um veitingu þjónustunnar. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Mosfellsbæjar, Garðabæjar, Seltjarnarness eða Reykjavíkurborgar sem óska eftir akstursþjónustu vegna tímabundinnar dvalar geta sótt um akstursþjónustu hjá viðkomandi sveitarfélagi. Heimilt er að samþykkja slíkar umsóknir að því tilskildu að samþykkt þjónustu liggi fyrir í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

#### Akstursþjónusta fyrir börn

Forsjáraðilar fatlaðra barna sækja um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn, t.d. vegna tómstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Barn yngra en 6 ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstóll er það á ábyrgð forsjáraðila að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla en um þann akstur gilda reglur um skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu..

### 3. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda skulu kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef upplýsingar um nauðsyn á akstursþjónustu berast með öðrum hætti. Meðferð umsóknar, öflun upplýsinga og ákvörðun skal fara fram í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er, forráðamenn hans eða að öðrum kosti persónulegan talsmann eða umboðsmann hans ef við á.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kanna að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu.

Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við umsækjanda, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmannur skal framvísa skriflegu umboði.

Félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun tekin.

### 4. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi, forráðamaður eða talsmaður umsækjanda fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna eða sérstakra reglna sveitarfélags umsækjanda.

Par skal jafnframt kynntur réttur hans til að fara fram á að ákvörðunin verði endurskoðuð á vettvangi sveitarfélagsins. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda/forráðamanni/talsmanni barst vitneskja um ákvörðunina.

Ákvörðun sveitarfélagsins skal kynnt umsækjanda skriflega og honum jafnframt kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 5. gr reglna þessara.

### 5. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsþjónustu sveitarfélags síns til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynningin barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið póstlöögð áður en fresturinn er liðinn.

### 6. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnt einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingum um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

## 7. Þjónustutími

Þjónustutími er skilgreindur í þjónustulýsingum sameiginlegrar akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

## 8. Réttur til þjónustu

Akstursþjónusta skal taka mið af þörfum hvers og eins. Félagsþjónustu hvers sveitarfélags er heimilt að setja þak á fjöldu ferða til bess að bregðast við sértækum aðstæðum.

Notkunarheimildir fyrir sameiginlega akstursþjónustu skal senda Strætó bs. sem skráir þær í aksturskerfi fyrirtækisins.

Notkun annarra ferðaúrræða, m.a. akstursþjónustu Blindrafélagsins er stjórnað af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

## 9. Pantanir/afptantanir í aksturskerfi Strætó bs.

Notendur skrá pantanir sínar á netinu, í smáforriti, með tölvupósti eða gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti símapöntunum í þjónustuveri á auglýstum opnunartíma þjónustuvers en á netinu, í smáforriti og með tölvupósti má panta allan sólahringinn.

Notendur skulu veita upplýsingar fyrirfram um fastar ferðir næstu vikur eða mánuði t.d. vegna vinnu eða skólagöngu til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

EKKI er hægt að tryggja þjónustu vegna hóperferða nema þær séu pantaðar fyrir kl. 16:00 daginn fyrir áformáða ferð, sé ferð áformuð um helgi skal þöntun hafa borist fyrir kl. 12:00 á föstudagi. Hópur telst vera fimm einstaklingar eða fleiri en hver notandi greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afpöntun ferða skal fara fram með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstæði ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

Tilhögun pantana, skráninga og afptantana skal nánar útfærð í þjónustulýsingum.

## 10. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðisins. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Notendur þurfa að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar eða við hann 5 mínútum fyrir og 10 mínútum eftir pantaðan/áætlaðan komutíma bíls skv. tilkynningu í smáforriti.

Við sérstakar aðstæður skulu bílstjórar aðstoða notendur í og úr bifreið og frá og að anddyri sé bess börf. Bílstjórar skulu aðstoða notendur með farangur sem nauðsynlegur er notendum, þó ekki lengra en í anddyri. Skal þá miðað við að notandi hafi ekki meiri farangur en hægt er að bera í einni ferð í eða úr bílinum.

Bílstjórar aðstoða notendur í og úr bifreið og frá og að anddyri sé bess börf.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, svo sem vegna færðar og umferðartafa á annatínum.

Tilhögun ferða skal nánar útfærð í þjónustulýsingu.

## 11. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega, enda greiði notandinn þá sama gjald fyrir hann. Börn undir grunnskólaaldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert.

Telji félagsþjónusta sveitarfélags að notandi geti ekki ferðast einsamall og þarfnið aðstoðarmanns skal það skráð inn í aksturskerfið. Telji Strætó bs., að fenginni umsögn verktaka, að notandi geti ekki ferðast einsamall getur Strætó bs. óskað eftir að aðstoðarmaður fylgi viðkomandi. Kostnaður vegna aðstoðarmanns skal greiddur af viðkomandi sveitarfélagi og greiðir hann ekki fargjald.

## 12. Gjald og þjónustusvæði

Fargjöld notenda fyrir akstursþjónustu, þ.e. fyrir fasta ferð, tilfallandi ferð og aðra farþega, taka mið af almenningssamgöngum og er ákvarðað í gjaldskrá hvers sveitarfélags.

Fargjald fyrir tilfallandi ferðir sem pantaðar eru samdægurs er hærra en fyrir fastar ferðir.

Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notandann, hvort sem um er að ræða fasta ferð eða tilfallandi ferð.

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík (þ.m.t. Kjalarnes), og Mosfellsbær.

## 13. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk frá xx. febrúar 2020.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Fyrir ráðningu ökumanns skal ligga fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk, til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólikum notendum og til að auka skilning og hæfni hans við þjónustuna.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlutið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

## 14. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer skv. köflum XVI. og XVII. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

## 15. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Ákvarðanir um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt reglum þessum, sem og sérstökum reglum sveitarfélags, eru teknar í viðkomandi sveitarfélagi.

## 16. Gildistaka

Reglur þessar koma í stað sameiginlegra reglna fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykktar voru 19. maí 2014.

Tillögur að breytingum á reglum þessum skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að þeim og taka þær gildi þegar allar hluta ðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt þærstjórn akstursþjónustu.

-Tillögur að breytingum á reglum þessum skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir beirra sveitarfélaga sem eru aðilar að þeim og taka þær gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt þær.

Reykjavík xx. janúar 2020

Fh. Garðabæjar

Fh. Reykjavíkurborgar

Fh. Seltjarnarnesbæjar

Fh. Mosfellsbæjar